Fullgild rafræn undirskrift
KARL EÐVALDSSON
Kennitala: 150979-3079
2026-08-10 10:41:02 GMT
Ástæða: Undirskrift

Reykjavíkurborg

Reykjavík, 10. ágúst 2026
FAS26050025

Innkaupa- og framkvæmdaráð Reykjavíkurborgar

***Útboð nr. 16317 – Vetrarþjónusta göngu- og hjólaleiða í Reykjavík 2026-2027***

Þann 14.júlí síðastliðinn voru opnuð tilboð í EES útboð nr. 16317 „Vetrarþjónusta göngu- og hjólaleiða Reykjavík 2026-2027“. Alls bárust tilboð frá sjö aðilum í 4 útboðshluta.

**Útboðshluti 1. Viðverutæki í vetrarþjónustu – pallbifreið – þjónustuflokkur 1A**

| | | | | |
|---|---|---|---|---|
| Garðaþjónusta Reykjavíkur ehf. | 1 tæki | kr. | 11.700.000 | stk |
| Garðlist ehf. | 4 tæki | kr. | 12.600.000 | stk |
| Esjuvélar og tæki ehf. | 1 tæki | kr. | 9.020.000 | stk |
| Garðaþjónusta Sigurjóns ehf. | 4 tæki | kr. | 8.192.000 | stk |

**Útboðshluti 2. Viðverutæki í vetrarþjónustu – tæki með fjölplóg - þjónustuflokkar 1-3**

| | | | | |
|---|---|---|---|---|
| Garðaþjónusta Reykjavíkur ehf. | 2 tæki | kr. | 10.550.000 | stk |
| Garðlist ehf. | 11 tæki | kr. | 10.335.000 | stk |
| Colas Ísland ehf. | 1 tæki | kr. | 12.400.000 | stk |

**Útboðshluti 3. Viðverutæki í vetrarþjónustu – minni tæki með fjölplóg - þjónustuflokkar 1-3**

| | | | | |
|---|---|---|---|---|
| Garðaþjónusta Reykjavíkur ehf. | 2 tæki | kr. | 9.400.000 | stk |
| Garðlist ehf. | 2 tæki | kr. | 9.200.000 | stk |
| Garðaþjónusta Sigurjóns ehf. | 2 tæki | kr. | 6.394.000 | stk |

**Útboðshluti 4. Tæki á útkallslista í vetrarþjónustu**
Tafla inniheldur einingaverð sem óheimilt er að deila skv. 17.gr. laga um opinber innkaup. Er hún því sett í sér skjal sem trúnaðarmál.

**Útboðshluti 1. Viðverutæki í vetrarþjónustu – pallbifreið - þjónustuflokkur 1A**
Útboðshluti 1 óskar eftir tilboðum í svokölluð viðverutæki, pallbifreiðar með fjórhjóladrifi, sem alltaf skulu vera til taks með að hámarki 60 mínútna útkallstíma, en samtals var óskað eftir 4 slíkum tækjum í þessu útboði og á tilboðsverð við um eitt mannað viðverutæki með búnaði yfir tímabil sem spannar vikur 46-13 á árunum 2026-2027.

Kostnaðaráætlun vegna útboðshluta 1 var kr.16.000.000,- fyrir hvert viðverutæki í einn vetur og því hljóðar heildar kostnaðaráætlun fyrir útboðshluta 1 upp á kr.64.000.000,-.

Garðaþjónusta Sigurjóns ehf. var lægstbjóðandi og bauð fjögur tæki í viðveru. Skoðun og yfirferð gagna staðfestu að Garðaþjónusta Sigurjóns ehf. stenst kröfur útboðsgagna og er því lagt til að tilboði verði tekið í fjögur tæki á kr.8.192.000,- stk. (51,20% af kostnaðaráætlun).

Lægstbjóðandi stóðst skoðun á fjárhag. Lagt er til að samið verði við Garðaþjónustu Sigurjóns ehf., enda í samræmi við skilmála útboðsgagna.

Heildarkostnaður samþykktra tilboða í útboðshluta 1 er sem hér segir:

- Garðaþjónusta Sigurjóns ehf.
    - 4 tæki á kr.8.192.000,- hvert tæki.
    - Samtals tilboð: kr.32.768.000,-

**Heildarkostnaður vegna samþykktra tilboða í útboðshluta er er þá samanlagt kr.32.768.000,- (51,20% af heildar kostnaðaráætlun vegna útboðshluta 1).**

**Útboðshluti 2. Viðverutæki í vetrarþjónustu – tæki með fjölplóg - þjónustuflokkar 1-3**
Útboðshluti 2 óskar eftir tilboðum í svokölluð viðverutæki, sem alltaf skulu vera til taks með að hámarki 60 mínútna útkallstíma, en samtals var óskað eftir 11 slíkum tækjum í þessu útboði og á tilboðsverð við um eitt mannað viðverutæki með búnaði yfir tímabil sem spannar vikur 46-13 á árunum 2026-2027.

Kostnaðaráætlun vegna útboðshluta 2 var kr.16.800.000,- fyrir hvert viðverutæki í einn vetur og því hljóðar heildar kostnaðaráætlun fyrir útboðshluta 2 upp á kr.184.800.000,-.

Þrír aðilar buðu tæki í útboðshluta 2. Ekkert tilboð stóðst tæknilegt hæfi útboðsgagna. Skrifstofa borgarlandsins leggur því til að öllum tilboðum verði hafnað og að útboðshluti 2 verði boðinn út að nýju.

Reykjavíkurborg

**Útboðshluti 3. Viðverutæki í vetrarþjónustu – minni tæki með fjölplóg - þjónustuflokkar 1-3**
Útboðshluti 3 óskar eftir tilboðum í svokölluð viðverutæki, sem alltaf skulu vera til taks með að hámarki 60 mínútna útkallstíma, en samtals var óskað eftir 2 slíkum tækjum í þessu útboði og á tilboðsverð við um eitt mannað viðverutæki með búnaði yfir tímabil sem spannar vikur 46-13 á árunum 2026-2027.

Kostnaðaráætlun vegna útboðshluta 3 var kr.14.000.000,- fyrir hvert viðverutæki í einn vetur og því hljóðar heildar kostnaðaráætlun fyrir útboðshluta 3 upp á kr.28.000.000,-.

Garðaþjónusta Sigurjóns ehf. var lægstbjóðandi og bauð tvö tæki í viðveru. Skoðun og yfirferð gagna staðfestu að Garðaþjónusta Sigurjóns ehf. stenst kröfur útboðsgagna og er því lagt til að tilboði verði tekið í tvö tæki á kr.6.394.000,- stk. (45,67% af kostnaðaráætlun). Lægstbjóðandi stóðst skoðun á fjárhag. Lagt er til að samið verði við Garðaþjónustu Sigurjóns ehf., enda í samræmi við skilmála útboðsgagna.

Heildarkostnaður samþykktra tilboða í útboðshluta 3 er sem hér segir:

- Garðaþjónusta Sigurjóns ehf.
    - 2 tæki á kr.6.394.000,- hvert tæki.
    - Samtals tilboð: kr.12.788.000,-

**Heildarkostnaður vegna samþykktra tilboða í útboðshluta er er þá samanlagt kr.12.788.000,- (45,67% af heildar kostnaðaráætlun vegna útboðshluta 3).**

**Samantekt tilboða í útboðshluta 1-3**

Útboðshluti 1: kr. 32.768.000,- (51,20% af kostnaðaráætlun)
Útboðshluti 2: Öllum tilboðum hafnað,-
Útboðshluti 3: kr. 12.788.000,- (45,67% af kostnaðaráætlun)

Kostnaðaráætlun í útboðshluta 1-3 hljóðaði upp á samtals kr.276.800.000,-
Kostnaðaráætlun í útboðshluta 1 og 3 hljóðaði upp á samtals kr.92.000.000,-
Samtals voru tilboð í útboðshluta 1 og 3 fyrir eitt tímabil kr.45.556.000,- eða 49,52% af kostnaðaráætlun í þá hluta.

Heimilt er að framlengja samning um alls þrjú ár, eitt ár í senn.
Virði samnings með framlengingu til fjögurra ára er þá kr.182.224.000,-

Reykjavíkurborg

**Útboðshluti 4. Tæki á útkallslista í vetrarþjónustu**

Útboðshluti 4 óskar eftir tilboðum í tæki á útkallslista. Kaupandi mun raða bjóðendum upp í lista, frá lægstbjóðanda til hæstbjóðenda. Markmiðið hér er að hafa lista yfir fjölbreytt aukatæki þegar aðstæður eru þannig að viðverutæki samkvæmt útboðshlutum 1 – 3 anna ekki aðstæðum samkvæmt þjónustuviðmiðum.
Ekki var gerð kostnaðaráætlun vegna útboðshluta 4 og ekki var farið í úttekt á þeim búnaði sem boðinn er, enda ekki um viðverutæki að ræða.

**Lagt er til að samið verði við alla bjóðendur í útboðshluta 4, enda í samræmi við skilmála útboðsgagna.**

Virðingarfyllst,

f.h. Skrifstofustjóra skrifstofu borgarlandsins
Karl Eðvaldsson

Reykjavíkurborg

Hjálagt:

- Fundargerð opnunar
- Einingaverð í tímavinnu í útboðshluta 4

Árið 2026, þann 14. júlí kl. 10:00 voru tilboð opnuð í Borgartúni 12-14, Reykjavík, í EES samkeppnisútboði umhverfis- og skipulagssviðs Reykjavíkurborgar nr. 16317 „Vetrarþjónusta göngu- og hjólaleiða í Reykjavík 2026 - 2027".
Tilboð opnaði og fundargerð ritaði Unnur Óskarsdóttir.
Á tilboðsfresti voru birtir tveir viðaukar.

| | Tilboð bárust frá eftirtöldum aðilum: |
|---|---|
| 1 | Garðaþjónusta Reykjavíkur ehf. |
| 2 | Garðlist ehf. |
| 3 | Esjuvélar og tæki ehf. |
| 4 | Rosaverk |
| 5 | Barr ehf. |
| 6 | Colas Ísland hf. |
| 7 | Garðaþjónusta Sigurjóns ehf. |
| | Kostnaðaráætlun |

Fleiri tilboð bárust ekki.
Opnun tilboða lokið kl. 10:09